



Reykjavík, 05.12.2025

USK25110401

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. nóvember 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur 24. september sl. var tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðgerðir á biðsvæði strætisvagna á skiptistöðinni í Mjódd vísað til meðferðar í stýrihóp Mjóddar. Óskað er eftir upplýsingum um umræddan stýrihóp. Hvenær var hópurinn stofnaður og hverjir skipa hann? Óskað er eftir því að erindisbréf hópsins verði lagt fram ásamt þeim fundargerðum hans, sem liggja fyrir.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulags- og byggingarmála, dags. 3. desember 2025.

Svar:

Borgarstjórn samþykkti eftirfarandi tillögu þann 4. mars. 2025, sjá erindisbréf í viðhengi. Málsnr. USK25050437.

Unnið er að lokagerð skýrslu sem tekur saman vinnu og niðurstöður hópsins. Skýrslan verður kynnt fyrir Umhverfis- og skipulagsráði.

Stýrihópin skipa:

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður

Alexandra Briem

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Starfsmaður starfshópsins:

Valný Aðalsteinsdóttir

Virðingarfyllst,
Valný Aðalsteinsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Meðfylgjandi er erindisbréf stýrihóps.



Reykjavík

ERINDISBRÉF¹

Stýrihópur um heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Inngangur:

Borgarstjórn samþykkti eftirfarandi tillögu þann 4. mars s.l.: „Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að ráðast í heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar í samráði við íbúa.“

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að fylgja eftir samþykkt borgarstjórnar og halda utan um endurskipulagningu Mjóddarinnar í samráði og samtali við íbúa.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Vinna tillögur vegna endurskipulagningar Mjóddarinnar í samvinnu við starfsfólk og leggja tillögur fyrir umhverfis- og skipulagsráð.
- Eiga í samtali við fasteignaeigendur og lóðarhafa á svæðinu og vinna að lausnum þegar kemur að lóðamálum til að tryggja framgang verkefnisins.
- Eiga í virku samtali við umhverfis- og skipulagsráð um vinnuna.
- Tryggja gott samtal við íbúa um vinnuna.

Stýrihópurinn skipa:

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður

Alexandra Briem

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Valný Aðalsteinsdóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok október 2025.

Reykjavík, 10. júní 2025

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Ólöf Örvarsdóttir

Hjálagt: